



Fundargerð

195. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, fimmtudaginn 8. október 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Guðlaugur Erlingsson sat undir lið 1 og 2.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Karl Lauritzson og Skúli Björnsson.

Dagskrá:

1. Árshlutareikningur janúar – ágúst 2015
2. Rekstur og framkvæmdaáætlun
3. Innkomin erindi
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:15

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Árshlutareikningur janúar – ágúst 2015

Árshlutareikningurinn afgreiddur og undirritaður.

2. Rekstrar- og framkvæmdaáætlun

a) Guðlaugur Erlingsson kynnti Fjárhagsáætlun 2016-2019. Áætlunin verður tekin til umfjöllunar og afgreiðslu í nóvember.

Guðlaugur yfirgaf fund kl. 13:06.

b) Framkvæmdastjóri kynnti Framkvæmdaáætlun 2016-2019.

3. Innkomin erindi

a) Framkvæmdastjóri gerði tillögur að breytingu á gjaldskrá vatnsveitu að meðaltali 4.9%, sem tæki gildi 1. janúar 2016. Gjaldskrárbreytingar hafa ekki átt sér stað síðan 2012. Samþykkt samhljóða.



- c) Lagt fram minnisblað Eflu. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir áætlun um vinnu Eflu vegna greinargerðar um framtíðaruppbyggingu fráveitu á Egilsstöðum og Fellabæ. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Eflu í samræmi við umræður á fundinum.
- d) Lagt fram fundarboð á aukaaðalfund Samorku 16. október 2015 sem haldinn verður á Icelandair Hotel Natura. Lagt til að varaformaður fari á fundinn og er framkvæmdastjóra falið að ganga frá umboði fyrir hann.

4. Önnur mál

- a) Rædd málefni Skógarorku.
- b) Kjaramál framkvæmdastjóra. Formanni stjórnar falið að ljúka málinu.

Framkvæmdastjóri vék af fundi undir þessum lið.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:50.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.